

88

## L Ö G

7. nóv.

um breyting á lögum nr. 1 16. janúar 1943, um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. laga nr. 1 16. jan. 1943 hljóði svo:  
Lög þessi falla úr gildi 1. des. 1945.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 7. nóvember 1945.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Pétur Magnússon.*

Stjórnartíðindi 1945, A. 15.

89

## L Ö G

23. nóv.

um heimild fyrir Sláturfélag Skagfirðinga til að innkalla stofnbréf sín.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Sláturfélagi Skagfirðinga veitist heimild til að innkalla stofnbréf þau, er út hafa verið gefin til félagsmanna, gegn því að afhenda félagsmönnum samtímis og bréfum er skilað stofnfjábækur fyrir innstæðu þeirra í stofnsjóði.

2. gr.

Auglýsing um innköllunina skal birta í Lögbirtingablaðinu á venjulegan hátt að minnsta kosti með þriggja mánaða fyrirvara. Einnig skal auglýsa innköllunina í þeim vikublöðum eða dagblöðum, sem ætla má, að hafi verulega útbreiðslu á félagssvæðinu. Í auglýsingu skal skýrt kveðið á um eindaga afhendingar og það jafnframt tekið fram, að þau bréf, sem ekki hafa verið afhent á eindaga, skuli ógild vera og réttlaus.

3. gr.

Að innköllunarfresti liðnum skal sláturfélagið færa inn í viðskiptabækurnar stofnfjáreign félagsmanna án tillits til þess, hvort bréfin hafa verið afhent eða eigi, enda fellur niður skylda félagsins til að innleysa bréfin, þótt þau komi síðar fram.

4. gr.

89

23. nóv.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 1945.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

---

*Pétur Magnússon.***L Ö G**

90

23. nóv.

um kaup á nýjum strandferðaskipum.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða þrjú strandferðaskip erlendis fyrir reikning ríkissjóðs. Sé eitt skipið um 1400—1500 rúmlestir brúttó og aðallega byggt sem farþegaskip. Hin tvö skipin séu um 300 rúmlestir brúttó, fyrst og fremst til vöruflutninga.

2. gr.

Til framkvæmda samkvæmt 1. gr. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 7 millj. króna lán.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 23. nóvember 1945.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

---

*Emil Jónsson.***L Ö G**

91

30. nóv.

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórnin skipar fimm manna nefnd, er nefnist Viðskiptaráð, og jafnmarga varamenn. Við skipun varamanna skal ákveða, fyrir hvaða aðalmenn hver þeirra um sig skuli taka sæti í ráðinu í forföllum aðalmanna eða ef sæti verður laust um stundarsakir.